

128 sje búsettur í prestakallinu, verður að álíta rjett, að ráðaneytið fyrir Island gefi
14. nóv. almenn leiðbeinandi fyrirmæli um það, hver skilningur skuli ráða í þessu efni. Ráðaneytið hefir ekki getað fallizt á skoðun þá, sem þjer, herra landshöfðingi, þegar áður hafid látið í ljós, og þjer nú haldið fast við í brjefi yðar, dagsettu 17. ágúst þ. á., og leiðið nánari rök að, nefnilega að einungis þeir menn geti kallazt búsettir, sem hafi fast aðsetur í prestakallinu og stundi sjálfstæða atvinnu, er svo er háttað, að henni sje venjulega samfara að hlutadeigandi hafi dúk og disk. Svo sem ráða má með vissu af tilorðningarsögu laganna og hinum danska texta þeirra, að með skilyrðinu um búsetu sje einungis átt við að hlutadeigandi hafi fast aðsetur í prestakallinu, þannig getur eigi heldur orðið »búsettir« í íslenzka textanum álitizt ósamrímilegt umgetnum skilningi, sem er eðlilegur í sjálfum sjer, á hjer umræddu ákvæði, hvort sem litid er til hins málfræðislega uppruna orðs þessa, til þess, hvernig það á sínum tíma hefir komizt inn í lagamálið, eða til þess, hvernig það hingatil hefir verið brúkað í lagamálinu. Ráðaneytið verður því að vera þeirrar skoðunar, að skilyrðinu um búsetu sje fullnægt, ef hlutadeigandi að eins hefir fast aðsetur í prestakallinu, án tillits til þess, hver stada hans er; þó skal því viðbætt, að því er lausamenn snertir, að það leiðir af ákvæðum 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 2. febr. 1894, að lausamaður, sem telur sig hafa fast ársheimili annarstaðar en í því prestakalli, er stofn- að er til prestkosningar í því, þegar af þeirri ástæðu eigi fullnægir skilyrðinu fyrir hluttöku í kosningunni.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna.

129

25. nóv.

Brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstaafgreiðslunnar frá Arnarholti að Norðtungu. (Ágrip). Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dagsettu 23. þ. m., vil eg fallast á það, að póstaafgreiðslan í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu verði 1. apríl næstkomandi flutt frá Arnarholti að Norðtungu.

130

7. des.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um toll af óhreinsuðum vínanda (»Kogesprit«). Í brjefi, dagsettu 22. septbr. þ. á., hefir herra sýslumaðurinn látið uppi álit um fyrirspurn frá kaupmanni Eyjólfí Jóhannssyni í Flatey, þar sem hann spyrzt fyrir um, hvort sjer beri að greiða toll af óhreinsuðum spiritus (Kogesprit), og hefir herra sýslumaðurinn talið rjett, að greiða beri toll af »Kogesprit«, með því að það verði að telja það tollskyldan vínanda, samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 29, 7. nóvbr. 1879.

Útaf þessu skal herra sýslumanninum til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að eg er samdóma um, að rjett sje að heimta toll af »Kogesprit«, með því að það er ekkert annað en óhreinsaður vínandi, sem drekka má blandaðan með vatni, þótt ef til vill sje illdrekkandi, enda má kalla allan venjulegan vínanda, sem hingatil flyzt, »Kogesprit«.